

20.11.89

STARFSREGLUR KVENNALISTANS

I LANDSSAMTÖKIN

1. Framkvæmdaráð skal skipað minnst 5 konum. Hver angí á rétt á að skipa fulltrúa í framkvæmdaráð. Auk þess skal framkvæmdanefnd hvers angá skipa eina konu í framkvæmdaráð sé þess nokkur kostur. Fari svo að angí geti ekki skipað fulltrúa í framkvæmdaráð skal það tryggt að hann hafi sérstakan tengil við ráðið. Ekki skulu konur að jafnaði sitja lengur í framkvæmdaráði en eitt ár í senn. Framkvæmdaráð kemur saman eigi sjaldnar en tvívar í mánuði og oftar ef þörf krefur.
2. Fulltrúi angá í framkvæmdaráði skal kosinn á félagsfundi. Jafnframt skal kosinn einn fulltrúi til vara.
3. Fulltrúi úr hópi þingvenna skal sitja framkvæmdaráðsfundi og starfskona þingfloks þegar þurfa þykir.
4. Starfskona framkvæmdaráðs skal sitja fundi ráðsins.
5. Hlutverk framkvæmdaráðs er m.a. að:
 - a) vera stefnumótandi í málefnum Kvennalistans milli landsfunda,
 - b) styðja við starfsemi anganna,
 - c) skipuleggja stórfundi og ráðstefnur,
 - d) hafa yfirumsjón með fjármálum Kvennalistans,
 - e) styðja við bakið á starfhópum og eiga frumkvæði að nýjum ef þurfa þykir,
 - f) tilnefna konur til að koma fram fyrir hönd Kvennalistans í fjöldum í málefnum er varða Samtökin í heild sinni.
 - g) sjá um að bréfum og fjöldum sé svarað.
6. Hvenær sem þurfa þykir skal framkvæmdaráð boða til samráðsfunda allra anga þó eigi sjaldnar en tvívar á ári. Samráðsfundur taki ákvörðun í mikilvægum málum sem varða samtökin í heild sinni og ekki geta beðið landsfundar. Brýnt er að kynna mál í öngunum áður en til samráðsfundar kemur.

II ANGAR

7. Framkvæmdanefnd starfi innan hvers anga og er hún kosin á félagsfundi. Hún hefur umsjón með öllu starfi angans og annast fjármál hans. Nefndin skipti með sér störfum en tilnefni eina konu í þingráð og eina í framkvæmdaráð Kvennalistans ef þess er nokkur kostur. Að öðru leyti móta þær starfshætti sína sjálfar.
8. Félagsfundur hvers anga tilnefni konu í framkvæmdaráð ef anginn sér sér fært að eiga þar fulltrúa.

III STARFSKONA - HÚSNÆÐI

9. Framkvæmdaráð Kvennalistans ráði sér konur til starfa. Hún sjáí um að framkvæma þær ákvarðanir framkvæmdaráðs sem ekki er vísað annað.
10. Kvennalistinn hafi húsnæði til afnota fyrir starfskonur sínar sem jafnframt skal vera miðstöð Kvennalistans.

11. Rekstur húsnæðis, laun starfskvenna og annar sameiginlegur kostnaður greiðist úr sameiginlegum sjóðum Kvennalistans.

IV ÞINGRÁÐ

12. Í þingráði eiga sæti þingkonur og varakonur þeirra sem og aðal- og varakonur í ýmsum nefndum og ráðum á vegum þingfloks, ein kona úr hverjum starfandi bakhóp ásamt starfskona þingfloksins.
13. Þingráð starfar í samræmi við stefnuskrá Kvennalistans og stefnuyfirlýsingu landsfundar. Þingráð skal jafnframt vera stefnumótandi og ráðgefandi í einstökum málum. Það skal tilnefna konur í fulltrúastörf og nefndir í samráði við framkvæmdaráð. Allar nefndir og fulltrúastörf skulu auglýstar í fréttabréfum anganna sé þess kostur.
14. Bakhópar starfi í einstökum málaflokkum og komi með tillögur um stefnumótun.

15. Starfskona þingfloksins undirbúi þingráðsfundi í samráði við þingflokk og framkvæmdaráð. Þingráðsfundir skuli haldnir reglulega yfir vetrartímann.

V SVEITARSTJÓRNARRÁÐ

16. Í sveitarstjórnarráði eiga sæti kjörnir fulltrúar í sveitarstjórn og varamenn þeirra sem og aðal- og varafulltrúar í öllum ráðum og nefndum á vegum sveitarfélagsins.
17. Sveitarstjórnarráð starfar í samræmi við stefnuskrá Kvennalistans í sveitarstjórnarmálum sem og aðrar stefnuyfirlýsingar sem Kvennalistinn samþykkir í þessum málaflokkum. Það skal jafnframt vera stefnumótandi í málum sem upp koma á kjörtímabilinu og ekki er tekið á í stefnuskrá. Ef þess er óskað skal ákvörðun sveitarstjórnarráðs þó vísað til félagsfundar viðkomandi anga til endanlegrar ákvörðunar. Ákvörðun ráðsins stendur þó þar til félagsfundur hefur ákveðið annað.
18. Í upphafi kjörtímabils kýs félagsfundur viðkomandi anga eða angalanga, fulltrúa í nefndir og ráð á vegum sveitarfélags. Sveitarstjórnarráðið tilnefnir konur í önnur fulltrúastörf og nefndir á vegum sveitarfélagsins sem upp kunna að koma á kjörtímabilinu.
19. Í tengslum við sveitarstjórnarfundi skulu haldnir fundir í sveitarstjórnarráði eigi sjaldnar en tvívar í mánuði og oftar ef þörf krefur.

VI ÚTGÁFUMÁL

20. Starfskona Kvennalistans sér um útgáfu fréttabréfs. Henni til aðstoðar eru fréttaritarar í hverjum anga.
21. Kvennalistinn sér um útgáfu Veru og skal ritnefnd skipuð í samræmi við samkomulag um Veru.

VII ALMENN ÁKVÆÐI

22. Á öllum fundum Kvennalistans skal að öllu jöfnu reynt að komast að sameiginlegri niðurstöðu án atkvæðagreiðslu en ef ekki verðu hjá henni komist ræður einfaldur meirihluti.
23. Til þess að breyta starfsreglum þessum þarf meiri hluta atkvæða á landsfundum.